



# Kaldar kveðjur

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík  
Sími: 568 4580 - Fax: 568 4585  
Netfang: [cooltech@cooltech.is](mailto:cooltech@cooltech.is)  
Veffang: <http://www.cooltech.is>

## Vertu viðbúinn sumarhitanum!

### Loftkæling



**Kælitækni ehf.** selur Carrier og Clivet loftkælubúnað fyrir heimili, skrifstofur, þjónusturými, verslanir, tölvuherbergi o. fl.

Carrier loftkælitækni eru heimspekkir fyrir gæði og nýttisku tækni. Alla kæliblása er unnt að fá með innrauðri stýringu. Hægt er að velja saman tæki, t. d. getur ein þjöppueining passað á mótí 3 – 4 gerðum kæliblása, allt eftir því hvað hentar. Útieiningin er oftast loftkæld en stundum hentar að nota vatnskælda einingu og má hún vera staðsett inni.

Þá framleiðir Carrier einnig kæliblása sem einfaldlega má tengja við kalt vatn eða glycolvatnsblöndu svo og vatnskæla hvers konar (Chillers) fyrir stærri kerfi upp í nokkur MW kæliafköst.



*Stundum hentar að hafa kælitækin færanleg. Carrier M07-09C Mobile Star er létt, færanleg eining sem afkastar 2,6 kW*

Ítalska fyrirtækið Clivet framleiðir fjöldan allan af loftkælubúnaði m. a. fyrir tölvukælingu. Hægt er að nota beina uppgufun með kælimiðli, loftkælt, vatnskælt, glycolkælt, einfaldan gólfstand eða búnað með samskipamöguleika við hússtjórnarkerfi.



**Vatnskælt innitæki – gólfæki.**  
*Clivet CAS, ódýrt í uppsetningu.*  
*Afköst 10,4 – 79,8 kW*



**Vatns- eða loftkælt tæki fyrir viðkvæman tölvubúnað.**

*Clivet Isopak – „close control“ fyrir nákvæmnisstýringu á hita- og rakastigi. Afköst 5,7 – 82,9 kw.*

Hafðu samband við okkur ef hitastigið á skrifstofunni eða tölvurýminu er orðið óbærilegt. Við heimsækjum ykkur ef óskað er og gerum tilboð í tæki og búnað ásamt uppsetningu.



Eftirprentun er heimil úr Köldum kveðjum, sé heimildar getið.

## Fréttabréf - Maí 2005

# KÆLITÆKNI

Rauðagerði 25 - 108 REYKJAVÍK - Sími 568 4580 - Fax 568 4585



## St. Anthony Cold storage Ltd

Ný frystigeymsla St. Anthony Cold storage Ltd var opnuð síðastliðið haust í St. Anthony Nýfundnalandi og er hún ein fullkomnasta geymsla í Norður – Ameríku. Allur frystibúnaður var afhentur frá Cooltech Ltd og Kælitækni ehf. sem jafnframt hönnuðu kerfið og önnuðust eftirlit.



Frystigeymslan í St. Anthony er engin smásmíði




Verktakar og hönnuðir virða fyrir sér eimsvallann

Vélakerfið er þrjár SAB 163 skrufupjöppur upp á um 600 Kw. Kælimiðill er ammóníak en auk þess er uppsett glycol varmanýtikerfi. Sjórnerfi er mjög fullkomið og er fjarstýranlegt með

skjámyndakerfi og álagsvaka tengdum inntaksmæli hússins.




Hér sést í einn eiminn en þeir eru allir úr áli, bæði rör og þynnur



Rekkarnir eru færanlegir (mobile) og spara þannig mikið pláss

Nýjung í stjórnbúnaði er að víftur í frystiblasurum eru hraðastýrðar. Þetta sparar verulega orku. Viðskiptavinirnir geta fengið að fylgjast með vöru sinni og hitastigi í geymslu og líka kjarnhita hennar ef þeir óska.



Skjámyndakerfið er notendavænt



Geymslan er tvískipt 38000 m<sup>3</sup> í heild og getur geymt yfir 5000 bretti í færanlegum rekkum (mobile racks).



Úr vélasal, Gissur Skarphéðinsson í Cooltech Ltd., Wayne Dobbin fulltrúi verktakans Cimco og Michael Nordstrom fulltrúi vélaframleiðandans M&M Refrigeration.

Mjög fullkomið löndunarkerfi er í geymslunni. Kössum og pokum er landað með færiböndum upp úr skipum beint inn á alsjálfvirkt flokkunarkerfi (sem les og myndar alla kassa) inni í bygginguna þar sem öllu er raðað á bretti með þjörkum og þaðan á færiböndum inn í geymslu með fyrirfram ákveðinni staðsetningu með strikamerkjum fyrir lyftara. Kerfið getur líka afbrettað kassa úr geymslunni sem eru að fara lausir í gáma á sama tíma.

Fyrirhugað er að setja upp endurpökkunar-kerfi þar sem rækju er pakkað í neytendaumbúðir fyrir viðskiptavinum.

### Wangen Pumpen

Kælitækni ehf. hefur tekið við umboði fyrir hið þekktu þýska fyrirtæki Wangen Pumpen. Fyrirtækið framleiðir hvers kyns dælur sem geta dælt allt frá smjöri



til steypu svo eitthvað sé nefnt. Dælnar eru ekki lagervara þar sem þær eru sniðnar að þörfum hvers og eins og eru því sérpantaðar.



## Engey RE 1



Um þessar mundir er **Kælitækni ehf.** að afhenda krapakerfi um borð í Engey RE 1.



Krapakerfið samanstendur af alsjálfvirkum blöndutanki til að blanda saman sjó og vatni. Með því móti er hægt að velja mun lægri saltþrósentu í krapann en það er mjög hentugt þegar unnið er með flök þannig að þau verði ekki of sölt. Forkælikerfi sem annar tveimur 30 tonna ísvélum (60 tonn af hreinum ís eða 180 tonnum af 30% krapa) til að kæla sjó eða sjóblöndur 15°C í 1°C inn á krapavélina. Hún er af gerðinni North Star og afkastar um 30 tonnum af hreinum ís á sólahring. Vélin getur framleitt krapa allt að 50% þykku. Hún dælir honum hvort sem er í 12 m<sup>3</sup> krapatanka, sem er sjálfvirkur, eða beint til notkunarstaða. Þeir eru t.d. móttaka, RSW tankar, kælikör sem og aðrir staðir á vinnslulínunni þar sem talin er þörf á kælingu. Einnig er hægt að dæla frá krapatankinum á alla þessa staði. Með þessu móti er leitast við að halda sem bestu og ferskustu hráefni í gegnum alla vinnsluna og má því segja að í skipinu verði tryggt að það skili bestu fánlegu matvælum að landi. Að þessu verki var unnið mjög náið með Rúnari Þór Stefássyni útgerðarstjóra H B Granda og hans mönnum sem og Alfreð Tulinius hjá Nautis verkfræðistofu. Það má einnig geta þess að í beinu framhaldi af þessu munum við afhenda krapakerfi í þrjú önnur skip.

Fleiri eru mjög spenntir fyrir þessum kerfum þar sem þau hafa reynst vel (rekstraröryggi og lítil viðhaldskostnaður sem og einfaldleiki) og hafa þann möguleika að keyra með lægri saltþrósentu en aðrar vélar. Það má einnig geta þess að nú þegar eru 12 vélar af þessari útfærslu um borð í íslenskum skipum. Þær verða 15 þegar þessum afhendingum er lokið.

**Kaldar  
kveðjur**

**Maí  
2005**



# Okkar þekking nýtist þér

## Nýtt á lager

### Gomax mælarör

Höfum tekið á lager Gomax mælarör. Rörin eru til í tveimur litum, appelsínugul og svört og afgreiðast í 50m rúllum.

Allur nauðsynlegur fittings, slöngunipplar, té, té með hlaupró, hné ásamt krumptöngum og skerum er einnig til á lager.

Allt þetta má fá í handhægri tösku sem hentar vel fyrir þjónustumenn og verktaða. Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar.



### Mobius einangrun

Viðbrögð við Mobius einangrunarhólkum og mottum eru afar góðar og því höfum við tekið þessa vöru inn á lager.

Mobius einangrunin er mjúk og auðvelt að meðhöndla, dregst vel á koparrör og harðnar ekki við öldrun. Hólkur og mottur auk líms, límbands o.fl. verða til í öllum algengustu stærðum upp í 54mm.



### Cosval lokar

Frá ítalska fyrirtækinu Cosval höfum við hafið sölu á öryggislokum og geymalokum.


Lokarnir eru á mjög hagstæðu verði og er ætlunin að auka úrval þeirra í nánustu framtíð þar sem viðtökur hafa farið fram úr væntingum. Ýmsar aðrar gerðir verða einnig fáanlegar sem sérpöntun.



### MA-VIB víftur

Höfum nú þegar á lager gott úrval af smámótum 5 til 34w, víftuspöðum og festingum á mjög hagstæðu verði.

Þessir mótur frá MA-VIB eru einstaklega hentugir fyrir þjónustu þar sem það eru þrír misumandi festimöguleikar á hverjum mótur.





### Carel þrýstinemar

Carel þrýstinemarnir hafa nú þegar sannað ágæti sitt. Verðið er heldur ekki til að spilla fyrir. "Packard" tengið er afar þægilegt, einfaldlega smellt af/á og þægilegt að tengja. Nemarnir gefa út merkið 4-20mA og eru til sem lágþrýstinemar -0,5/7Bar og háþrýstinemar 0/30Bar og má nota fyrir alla gerðir kælimiðla þ.m.t. ammóníak.



### Bitzer fylgihlutir

Eigum nú fyrirbyggjandi millistykki fyrir tvíburapjöppur (sjá mynd) sem passar á ýmsar stærðir af pjöppum. Hentugt þar sem álagsstýringa er þörf auk þess að spara vinnu og pláss. Fjölnota milliplate (sjá teikningu) kemur í staðinn fyrir flatjárnin



sem margir þekkja. Kosturinn við þessa plötu er að hún passar fyrir margar gerðir af pjöppum og eimsvölum. Plöturnar eru nú þegar lagervara hjá okkur.



## Ísmoli

Sif ÍS frá Flateyri var á landstími og stýrimaðurinn við stjórnvölinn. Þegar báturinn átti að vera farinn að nálgast Öfundarfjörðinn kom Guðmundur Njálsson skipstjóri upp í brú og kíkti í ratarann og sá um leið að þeir stefndu beint upp í Barðann. Yfirvegaður og rólegur að vanda leit Guðmundur á stýrimanninn og sagði: „Hvað segirðu góðurinn, ætlarðu að taka leigubíl heim?“



**Kaldar  
kveðjur**

**Maí  
2005**